

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 55/2012****2012/EES/43/22****frá 30. mars 2012****um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2010 frá 30. apríl 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/7/ESB frá 16. febrúar 2011 um átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum <sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2011/7/ESB fellur úr gildi frá 16. mars 2013 tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/35/EB <sup>(3)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum frá 16. mars 2013.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti 2. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/35/EB) í XII. viðauka við samninginn hljóði svo frá 16. mars 2013:

„**32011 L 0007**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/7/ESB frá 16. febrúar 2011 um átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum (Stjtið. ESB L 48, 23.2.2011, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2011/7/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. mars 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

starfandi formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 18, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 15.7.2010, bls. 23.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 48, 23.2.2011, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 200, 8.8.2000, bls. 35.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.